

EPALE, vefgátt fullorðinsfræðslu í Evrópu býður upp á leit að samstarfsaðilum (partner search).

Stofnanir eða samtök geta skráð sig á vefinn og komist í samband við áhugasamar stofnanir í öðrum Evrópulöndum. Hægt er að tilgreina hvernig samstarfsaðilar óskast helst og kynna verkefnishugmynd ef hún er þegar fyrir hendi.

Gefið góða lýsingu á ykkar stofnun og hugmynd að samstarfi og þið getið líka lagt inn ósk um samstarfsaðila þar sem þið gefið lýsingu á því hvernig stofnun þið eruð helst að leita að. Kannski er einhver stofnun í öðru Evrópulandi einmitt að leita að stofnun eins og ykkar!

Athugið að leit að samstarfsaðilum er ætluð stofnunum sem sinna fullorðinsfræðslu, enda eru það stofnanir sem sækja um styrki í Erasmus+ menntaáætlunina.

Á **EPALE** vefgáttinni er líka hægt að fylgjast með fréttum af hvers kyns námskeiðum og ráðstefnum sem bjóðast fagfólki og taka þátt í umræðum.

EPALE slóðin: www.ec.europa.eu/epale

Áhugasamir geta haft samband með tölvupósti við Margréti Sverrisdóttur verkefnisstjóra **EPALE** margret.sverrisdottir@rannis.is

